

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er heimilt að kveða á um endurgreiðslu samgönguráðuneytisins á málsskotsgjaldi samkvæmt 1. mgr. enda sé í öllum meginatriðum fallist á kæru.

Greiði kærandi ekki málsskotsgjald innan frests sem nefndin getur sett skal vísa máli frá nefndinni og fellur þá krafa um málsskotsgjald niður.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 1999.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um örorkumat.

1. gr.

Þeir sem metnir eru til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar eiga rétt á örorkulífeyri, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er að greiða þeim sem metnir eru til 50-74% örorku örorkustyrk, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Um önnur réttindi tengd örorku er nánar kveðið á í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

2. gr.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt staðli sem byggður er á læknisfræðilega viðurkenndum sjúkdómum eða fötlun, sjá fylgiskjal 1.

Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og víðeigandi endurhæfingu, áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

3. gr.

Þegar umsókn um örorkulífeyri og fullnægjandi læknisvottorð hefur borist Tryggingastofnun ríkisins sendir stofnunin umsækjanda að jafnaði staðlaðan spurningalista. Örorkumat er unnið á grundvelli svara umsækjanda, læknisvottorðs og ef þurfa þykir læknisskoðunar hjá tryggingayfirlækni og öðrum gögnum sem tryggingayfirlæknir telur nauðsynlegt að afla.

4. gr.

Heimilt er að meta umsækjanda a.m.k. 75% öryrkja án þess að byggja á staðli, sbr. fylgiskjal 1, ef tryggingayfirlæknir telur sýnt af læknisvottorði eða öðrum gögnum að umsækjandi hafi hlotið örorku til langframa vegna læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar eða muni sannanlega hljóta slíka örorku.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í b. lið 1. gr. laga nr. 62/1999, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. september 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku reglugerðarinnar en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sæki sérstaklega um það.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. maí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Fylgiskjal 1.**Staðall.**

Fyrri hluti staðalsins fjallar um líkamlega færni og þarf að fá 15 stig samanlagt til að teljast a.m.k. 75% öyrki. Í þeim hluta eru 14 þættir. Gefin eru stig fyrir eitt atriði í hverjum þætti og þau síðan lögð saman. Þó eru ekki gefin stig bæði fyrir þættina „að ganga á jafnsléttu“ og „að ganga í stiga“, heldur er valinn sá þáttur sem gefur fleiri stig.

Síðari hluti staðalsins lýtur að andlegri færni. Þar leggjast öll stig saman og þarf 10 stig til að teljast a.m.k. 75% öyrki.

Nái umsækjandi ekki tilskildum stigafjölda í öðrum hluta staðalsins, getur hann samt verið metinn a.m.k. 75% öyrki, nái hann a.m.k. 6 stigum í hvorum hluta staðalsins.

Fyrri hluti. Líkamleg færni.*Að ganga á jafnsléttu.*

- | | |
|--|----|
| a) getur ekki gengið | 15 |
| b) getur ekki gengið nema fáein skref án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi | 15 |
| c) getur ekki gengið nema 50 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi | 15 |
| d) getur ekki gengið nema 200 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi | 7 |
| e) getur ekki gengið nema 400 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi | 3 |
| f) getur ekki gengið nema 800 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi | 0 |
| g) engin vandamál við gang | 0 |

Að ganga í stiga.

- | | |
|---|----|
| a) getur ekki gengið upp og niður eitt þrep | 15 |
| b) getur ekki gengið upp og niður milli hæða | 15 |
| c) getur ekki gengið upp og niður milli hæða án þess að halda sér og hvíla sig | 7 |
| d) getur ekki gengið upp og niður milli hæða án þess að halda sér | 3 |
| e) getur eingöngu gengið upp og niður milli hæða með því að ganga út á hlið eða taka eitt þrep í einu | 3 |
| f) getur gengið upp og niður stiga án vandræða | 0 |

Að sitja á stól.

- | | |
|---|----|
| a) getur ekki setið (án óþæginda) | 15 |
| b) getur ekki setið (án óþæginda) 10 mínútur | 15 |
| c) getur ekki setið (án óþæginda) nema 30 mínútur | 7 |
| d) getur ekki setið meira en 1 klst. | 3 |
| e) getur ekki setið meira en 2 klst. | 0 |
| f) engin vandamál með að sitja | 0 |

Að standa.

- | | |
|--|----|
| a) getur ekki staðið óstuddur | 15 |
| b) getur ekki staðið nema eina mínútu án þess að setjast | 15 |
| c) getur ekki staðið nema 10 mínútur án þess að setjast | 15 |
| d) getur ekki staðið nema 30 mínútur án þess að setjast | 7 |
| e) getur ekki staðið nema 10 mínútur án þess að ganga um | 7 |
| f) getur ekki staðið nema 30 mínútur án þess að ganga um | 3 |
| g) engin vandamál við stöður | 0 |

Að rísa á fætur.

- | | |
|---|----|
| a) getur ekki staðið upp af stól | 15 |
| b) getur ekki staðið upp af stól án þess að styðja sig við eitthvað | 7 |
| c) getur stundum ekki staðið upp af stól án þess að styðja sig við eitthvað | 3 |
| d) enginn vandi að standa upp af stól | 0 |

Að beygja og krjúpa.

- | | |
|--|----|
| a) getur ekki beygt sig til að snerta hnén og rétt sig upp aftur | 15 |
| b) getur ekki beygt sig eða kropsið til að taka pappírsglað upp af gólfinu og rétt sig upp aftur | 15 |
| c) getur stundum ekki beygt sig eða kropsið til að taka pappírsglað upp af gólfinu og rétt sig upp aftur | 3 |
| d) beygir sig og krýpur án vandkvæða | 0 |

Að nota hendurnar.

- | | |
|--|----|
| a) getur með hvorugri hendi flett blaðsíðum í bók | 15 |
| b) getur með hvorugri hendi skrúfað frá krana eða snúið rofa á eldavél | 15 |
| c) getur með hvorugri hendi tekið upp smámynt (eða tölur) | 15 |
| d) getur ekki notað penna eða blýant | 15 |
| e) getur ekki hnýtt slaufu á reimar eða band | 10 |

- | | |
|---|---|
| f) getur ekki skrúfað frá krana eða snúið rofa á eldavél með hvorri hendinni sem er | 6 |
| g) getur ekki tekið upp smámynt (eða tölur) með hvorri hendinni sem er | 6 |
| h) engin vandamál með að nota hendurnar | 0 |

Að lyfta og bera.

- | | |
|---|----|
| a) getur með hvorugri hendi tekið upp bók (kilju) | 15 |
| b) getur með hvorugri hendi tekið upp og borið $\frac{1}{2}$ l fernu | 15 |
| c) getur með hvorugri hendi tekið upp og hellt úr fullum skaftpotti eða katli sem tekur 1,5 l | 15 |
| d) getur með hvorugri hendi tekið upp og borið 2 kg poka af kartöflum | 8 |
| e) getur ekki tekið upp og borið $\frac{1}{2}$ l fernu með hvorri hendi sem er | 6 |
| f) getur ekki tekið upp og borið 2 kg poka af kartöflum með hvorri hendi sem er | 0 |
| g) engin vandkvæði við að lyfta og bera | 0 |

Að teygja sig.

- | | |
|---|----|
| a) getur hvorugum handlegg lyft til að setja eitthvað í brjóstvasa | 15 |
| b) getur hvorugum handlegg lyft til að setja á sig hatt | 15 |
| c) getur hvorugum handlegg sett aftur fyrir bak til að fara í kápu eða frakka | 15 |
| d) getur hvorugum handlegg lyft upp fyrir höfuð (til að ná í eitthvað) | 15 |
| e) getur ekki lyft hvorum handlegg sem er til að setja á sig hatt | 6 |
| f) getur ekki lyft hvorum handlegg sem er upp fyrir höfuð | 0 |
| g) getur lyft báðum handleggjum án vandræða | 0 |

Tal.

- | | |
|---|----|
| a) getur ekki talað | 15 |
| b) fjölskylda og vinir geta ekki skilið tal umsækjanda | 15 |
| c) ókunnugir geta ekki skilið tal umsækjanda | 15 |
| d) ókunnugir eiga mjög erfitt með að skilja tal umsækjanda | 10 |
| e) ókunnugir eiga dálítið erfitt með að skilja tal umsækjanda | 8 |
| f) engir talörðugleikar | 0 |

Heyrn.

- | | |
|---|----|
| a) heyrir engin hljóð | 15 |
| b) getur ekki fylgst með sjónvarpsþætti þó að hljóðið sé hátt stillt | 15 |
| c) skilur ekki það sem sagt er háum rómi í annars þöglu herbergi | 15 |
| d) skilur ekki það sem sagt er eðlilegum rómi í annars þöglu herbergi | 10 |
| e) skilur ekki það sem sagt er eðlilegum rómi við umferðargötu | 8 |
| f) engin vandkvæði með heyrn | 0 |

Sjón.

- | | |
|--|----|
| a) greinir ekki ljós frá myrkri | 15 |
| b) greinir ekki útlínur húsgagna | 15 |
| c) getur ekki lesið 16 punkta letur af meira en 20 cm færi | 15 |

- | | |
|---|----|
| d) þekkir ekki kunningja hinum megin í herbergi | 12 |
| e) þekkir ekki kunningja hinum megin við götu | 8 |
| f) engin vandamál með sjón | 0 |

Stjórn á hægðum og þvagi.

- | | |
|-------------------------------------|----|
| a) engin stjórn á hægðum | 15 |
| b) engin stjórn á þvagi | 15 |
| c) missir hægðir a.m.k. vikulega | 15 |
| d) missir hægðir a.m.k. mánaðarlega | 15 |
| e) missir hægðir stöku sinnum | 9 |
| f) missir þvag a.m.k. mánaðarlega | 3 |
| g) missir þvag stöku sinnum | 0 |
| h) góð stjórn á þvagi og hægðum | 0 |

Endurtekinn meðvitundarmissir.

- | | |
|--|----|
| a) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. daglega | 15 |
| b) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. vikulega | 15 |
| c) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. mánaðarlega | 15 |
| d) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. tvisvar undanfarið hálf t. ár | 12 |
| e) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund einu sinni undanfarið hálf t. ár | 8 |
| f) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund einu sinni undanfarin þrjú ár | 0 |
| g) enginn meðvitundarmissir | 0 |

Síðari hluti. Andleg færni.

a. Að ljúka verkefnum.

- | | |
|---|---|
| 1. Getur ekki svarað í síma og ábyrgst skilaboð | 2 |
| 2. Situr oft tímum saman án þess að gera nokkuð | 2 |
| 3. Getur ekki einbeitt sér að því að lesa tímaritsgrein eða hlusta á útvarpsþátt | 1 |
| 4. Getur ekki fundið númer í símaskrá | 1 |
| 5. Geðrænt ástand kemur í veg fyrir að umsækjandi sinni fyrri áhugamálum | 1 |
| 6. Einbeitingarskortur veldur því að umsækjandi tekur ekki eftir - eða gleymir - hættu sem getur stafað af heimilistækjum eða öðru í umhverfinu | 1 |
| 7. Geðshræring, rugl eða gleymni hefur leitt til hættulegra óhappa á undanförunum þremur mánuðum | 1 |
| 8. Þarf stöðuga örvun til að halda einbeitingu | 1 |

b. Daglegt líf.

- | | |
|---|---|
| 1. Þarf hvatningu til að fara á fætur og klæða sig | 2 |
| 2. Drekkur áfengi fyrir hádegi | 2 |
| 3. Þjáist oft af geðsveiflum einhvern hluta dagsins | 1 |

4. Er ekki annt um útlit sitt og aðbúnað í lífinu 1
 5. Svefnvandamál hafa áhrif á dagleg störf 1
- c. Álagsþol.*
1. Andleg streita átti þátt í að umsækjandi hætti að vinna 2
 2. Oft hræðsla eða felmtur án augljósrar ástæðu 2
 3. Forðast hversdagsleg verkefni á þeim forsendum að þau muni valda of mikilli þreytu eða álagi 1
 4. Ræður ekki við breytingar á daglegum venjum 1
 5. Finnst oft að svo margt þurfi að gera að það leiðir til uppgjafar vegna þreytu, sinnuleysis eða áhugaleysis 1
 6. Kvíðir því að sjúkaleikinn versni við að fara aftur að vinna 1
- d. Samskipti við aðra.*
1. Getur ekki séð um sig án aðstoðar annarra 2
 2. Hugaræsing vegna hversdagslegra atburða leiðir til óviðeigandi/truflandi hegðunar 2
 3. Geðræn vandamál valda erfiðleikum í tjáskiptum við aðra 2
 4. Ergir sig yfir því, sem ekki hefði angrað fyrir veikindin 1
 5. Kýs einveru sex tíma á dag eða lengur 1
 6. Hræðist að fara út án fylgdar 1

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts er eftirfarandi:

<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>	<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>
Allt að 1.000	94.273	2.800 - 2.999	179.285
1.000 - 1.499	113.163	3.000 - 3.199	187.261
1.500 - 1.999	139.409	3.200 - 3.399	195.236
2.000 - 2.199	147.384	3.400 - 3.599	203.212
2.200 - 2.399	155.359	3.600 - 3.799	211.187
2.400 - 2.599	163.335	3.800 - 3.999	219.162
2.600 - 2.799	171.310		

b. 3. mgr. orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts með 25% álagi er eftirfarandi:

<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>	<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>
Allt að 1.000	117.841	2.800 - 2.999	224.107
1.000 - 1.499	141.454	3.000 - 3.199	234.076
1.500 - 1.999	174.261	3.200 - 3.399	244.045
2.000 - 2.199	184.230	3.400 - 3.599	254.015
2.200 - 2.399	194.199	3.600 - 3.799	263.984
2.400 - 2.599	204.168	3.800 - 3.999	273.953
2.600 - 2.799	214.138		